

Þriðjudaginn 18. nóvember 1947.

Nr. 157/1946. **Stefán Snæbjörnsson og Kristján Pétur Guðmundsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Vigfúsi Vigfússyni (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

og

Vigfús Vigfússon (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Stefáni Snæbjörnssyni, Kristjáni Pétri Guðmundssyni og Guðmundi Jörundssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. des. 1946. Krefjast þeir þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfýjanda í málinu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. des. 1946. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfýjendur Stefán Snæbjörnsson og Kristján Pétur Guðmundsson og stefndi Guðmundur Jörundsson verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 28404.26, en til vara, að sömu aðiljum verði gert að greiða fjárhæð þessa í því hlutfalli, sem dómurinn ákveður, og til þrautavara, að einn nefndra aðilja eða tveir in solidum verði dæmdir til að greiða honum nefnda fjárhæð. Þá krefst gagnáfrýjandi og 5% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 2. febr. 1946 til greiðsludags svo og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til ýtrustu þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Það er komið fram í málinu, að aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson, eigandi bifreiðarinnar A 63, hafi á þeim tíma, er slysið varð, leigt bifreiðina aðaláfrýjanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni, er sjálfur ók bifreiðinni. Verður því að telja, að Kristján Pétur hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar, er slysið bar að höndum, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Af þessu leiðir, að aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson bar ekki eigandaábyrgð á bifreiðinni á þessum tíma. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður fyrir báðum dómum.

Skilrúm þau, er hlaðin voru á vörupall bifreiðarinnar A 63, voru höfð þar óbundin. Var sá umbúnaður mjög ótryggilegur og átti þátt í því, að slysið varð. Þessa vangæzlu verður að telja aðaláfrýjanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni, er ábyrgð bar á hleðslu bifreiðar sinnar, til sakar auk mistaka þeirra, er honum urðu á í akstrinum, er farmur bifreiðar hans rakst í aðra bifreið. Ber hann því fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut, samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Gagnáfrýjandi vann í þágu stefnda, Guðmundar Jörundssonar, er slysið varð. Stefndi Guðmundur var sjálfur viðstaddur og stjórnaði verki, er skilrúmunum var hlaðið á bifreiðina, og gagnáfrýjandi tók sér far með henni vegna flutningsins og með vitund Guðmundar. Þykir stefndi Guðmundur eiga að bera ábyrgð á því, hversu ótryggilega var frá farminum gengið. Ber því einnig að telja hann bóta-skyldan vegna slyssins.

Gagnáfrýjanda var kunnugt um, hvernig hleðslu farmsins á bifreiðina var háttað. Þykir hann hafa sýnt nokkra óvarkárni með því að taka sér stöðu á bifreiðinni aftan við farminn án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Telst því rétt samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, að gagnáfrýjandi beri sjálfur $\frac{1}{5}$ hluta tjóns síns.

Að því er tekur til skaðabótakröfu gagnáfrýjanda, þá ber með skírskotun til raka héraðsdóms að taka til greina 1.—11. kröfulið. Bætur samkvæmt 12. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Þá teljast bætur samkvæmt 13.

kröfulið hæfilega metnar kr. 4000.00 og samkvæmt 14. kröfulið kr. 7000.00. Samtals verða fjárhæðir þessar kr. 24004.56. Ber aðaláfrýjanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni og stefnda Guðmundi Jörundssyni að greiða in solidum gagnáfrýjanda $\frac{1}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 19203.65, ásamt vöxtum, svo sem krafizt er. Svo ber þeim og in solidum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 3000.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Vigfúsar Vigfússonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að því er hann varðar.

Aðaláfrýjandi Kristján Pétur Guðmundsson og stefndi Guðmundur Jörundsson greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 19203.65 ásamt 5% ársvöxtum frá 2. febr. 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 8. þ. m., hefur stefnandinn, Vigfús Vigfússon sjómaður, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 2. febrúar þ. á., á hendur þeim Stefáni Snæbjörnssyni vélsmið, Akureyri, Kristjáni P. Guðmundssyni, Brekkugötu 27, Akureyri, og Guðmundi Jörundssyni útgerðarmanni, Akureyri, til þess aðallega að fá þá dæmda in solidum til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 28828.55, til vara, að sömu upphæð verði skipt milli hinna stefndu til greiðslu í því hlutfalli, er dómarrinn teldi eðlilegast, og til þrautavara, að einn sérstakur eða tveir hinna stefndu in solidum, eða skipt eftir ákveðnu hlutfalli, verði dæmdir til bótagreiðslunnar. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 424.29 og í kr. 28404.26.

Þá krefst stefnandi í öllum tilfellum 5% ársvaxta frá útgáfudegi

stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða að mati dómara.

Stefndu krefjast algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefjast þeir þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvers um sig, stefnanda og hinna stefndu, og til þrautavara, að bótaupphæðin verði lækkuð eftir mati dómarans.

Tildrög máls þessa eru þau, að 30. júní 1944 vann stefnandi ásamt öðrum verkamönnum hjá stefnda Guðmundi Jörundssyni, útgerðarmanni á Akureyri, við flutning á þilfarsskilrúmum (sildardekki) úr geymsluhúsi á Oddeyrartanga, sem flytja átti í skip Guðmundar, sem lá við Torfunesbryggju á Akureyri. Skilrúmin voru flutt á vörubifreiðinni A 63, eign stefnda Stefáns Snæbjörnssonar, öku- maður var stefndi Kristján P. Guðmundsson, en stefndi Guðmundur Jörundsson hafði yfirstjórn vinnunnar.

Skilrúmumunum var vandlega staflað á bifreiðina, og stóð farmurinn nokkuð út af hliðum hennar. Aftast á bifreiðarpallinum var mjótt, autt bíl, sem talið er, að hafi verið ca. 1½ fet á breidd, og stóðu verkamenn á því við stöflun farmsins. Farmurinn var ekki bundinn. Þegar lokið var fermingu bifreiðarinnar, fóru þrír menn, sem áttu að vinna við affermingu hennar á bryggjunni, upp á pall hennar. Tveir þeirra komu sér fyrir uppi á farminum fram við stýrishús, hvor sínum megin, en þriðji maðurinn, sem var stefnandi máls þessa, kom sér fyrir aftast á bifreiðinni. Hafði hann fætur á auða bilinu aftast á pallinum, en hallaði sér upp að og studdist við planku eða þrep í timburstaflanum. Stefndi Guðmundur Jörundsson sat í stýrishúsi hjá ökumanni. Ekið var vestur Strandgötu. Á Strandgötu stóð mjólkurflutningabifreiðin á vinstra vegkanti, og þegar A 63 fór framhjá, rakst timbrið, sem út af pallinum stóð, litillega á mjólkurbifreiðina. Við áreksturinn rakst spýta úr farminum á kálfa stefnanda, og féll hann við það á götuna. Var stefnandi nú fluttur til læknis og meiðsli hans athuguð. Kvartaði hann þá um sársauka í vinstri öxl og herðablaði og utan á vinstra læri.

Taldi læknirinn, að einungis væri um mar eða tognun að ræða, sem mundi batna án sérstakra aðgerða á viku eða hálfum mánuði.

Nokkrum dögum síðar fór stefnandi á sildveiðar á m/s Narfa. Kom þá í ljós, að hann þoldi ekki vinnu, máttleysi og verkir í vinstri mjöðm og læri jukust. Var hann fluttur í land að viku liðinni, og lagðist hann í sjúkrahús 18. júní. Kom þá í ljós, er röntgenmynd hafði verið tekin, innkýlt brot í lærbeinshálsi.

Dvaldi stefnandi í sjúkrahúsinu til 18. október um haustið, en fór ekki að vinna fyrr en 23. nóvember næst á eftir og hefur unnið síðan. Við lækni skoðun 29. des. 1945 kvartaði stefnandi um stirðleika, þreytu og máttleysiskennnd í vinstri mjöðm og læri og þrautir í lærbeinshnúttunni og mjöðminni. Vinstri fótur reyndist 1 cm styttri en sá hægri, en vöðvarýrnum var ekki mælanleg.

Hreyfingar í vinstri mjaðmarlið voru nokkru minni en hægra megin, og stefnandi kenndi sársauka í liðnum, ef reynt var að þvinga hreyfingar. Röntgenmynd sýndi tæplega 1 cm styttingu á lærleggs-hálsi og truflaða beinmyndun á brotstaðnum. Samkvæmt lýsingu þessari hefur Pétur Magnússon, sem þá gegndi tryggingaryfirlæknisstörfum, metið örorku stefnanda þannig: Frá 18. júní til 23. nóv. 1944 100% örorka, eftir það 6% örorka.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á hendur stefndu á því, að þeir beri sameiginlega ábyrgð á tjóni því, er stefnandi hlaut við slysið, stefndi Stefán sem eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 35. gr. 1. mgr. bifreiðalaga, stefndi Kristján vegna þess, að hann átti sök á slysinu með óvarlegum akstri, en stefndi Guðmundur vegna þess, að hann hafði yfirumsjón verksins og lét stefnanda vera aftan á bifreiðinni.

Stefndu byggja aðalkröfu sína um sýknu á því, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu vegna þess, að hann hafi sjálfur verið valdur að því með gálauslegu framferði. Hann hafi tyllt fótum á mjóa brún á bifreiðarpallinum aftan við farminn og haldið vinstri hendi í planku, sem lá ofan á timburstaflanum. Verði að telja það stórkostlegt gáleysi. Til vara krefjast stefndu þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvers um sig, stefnanda og stefndu, og að fébætur verði færðar niður eða jafnvel felldar alveg niður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaga.

För stefnanda með bifreiðinni umrætt skipti virðist hafa verið eðlileg og sjálfsögd, eins og á stóð, þar sem hann átti að vinna við affermingu hennar, enda var för hans með bifreiðinni eftir ráðstöfun stefnda Guðmundar með vitund og samþykki bifreiðarstjóra. Einnig lítur svo út, sem hann hafi ekki átt vól á öðrum stað á bifreiðinni, þar sem tveir menn aðrir sátu á timburstaflanum fram við stýrishús, hvor sínum megin. Bifreiðarstjórinn ók mjög hægt með ca. 10 km hraða, miðað við klukkustund, og bendir því ekkert til, að hætta hefði verið á ferðum, ef sú slysi hefði ekki hent bifreiðarstjóran, að farmur bifreiðarinnar rakst á aðra bifreið. Verður því ekki talið, að stefnandi eigi sök á tjóninu. Upplýst er, að framangreind slysi bifreiðarstjóraus vegna vangæzlu hans við aksturinn var bein orsök slyssins. Er hann því bótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum og einnig eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 35. gr. 1. mgr. bifreiðalaga. Hins vegar þykir mega sýkna stefnda Guðmund Jörundsson af kröfum stefnanda, þar sem ekki verður talið, að hann eigi sök á slysinu né eigi að bera ábyrgð á vangæzlu bifreiðarstjóraus við aksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína í 14 liði. Liðirnir 1—10, samtals kr. 3311.50, eru sundurliðun á beinum kostnaði stefnanda af sjúkrahúsvist, þóknun til lækna o. þ. h. 11. liður kr. 8117.35, að frádregnum kr. 424.29, er tjón það, sem stefnandi telur sig hafa beðið vegna missis sildarvertiðar.

Í 12. lið telur stefnandi tjón það, kr. 2399.70, er hann kveðst hafa beðið vegna atvinnumissis frá lokum sildarvertiðar til 23. nóvember, er hann fór að vinna. Í 13. lið er krafa um bætur fyrir sársauka og óþægindi vegna meiðslisins, kr. 5000.00, og í 14. lið krafa um bætur fyrir varanleg mein og minnkaða orku, kr. 10000.00. Allir liðirnir nema samtals kr. 28404.26, og er það bótaupphæð sú, sem krafizt er dóms um í málinu.

Liðunum nr. 1—10 hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, nema tvítalinni röntgenmynd, en frá þeim mótmælum var fallið við munnlegan flutning málsins.

Verða þargreindar upphæðir, kr. 3311.50, lagðar til grundvallar.

Um 11. Upplýst er, að sildarhlutur sjómanna á skipi því, er stefnandi var ráðinn á til síldveiða, nam kr. 8117.35, að meðtalinni vinnu dagana 1. júlí til 5. júlí við undirbúning skipsins á veiðar. Hlutur stefnanda á skipinu dagana 12.—18. júní var kr. 424.20. Mismuninn, kr. 7693.06, þykir mega telja tjón stefnanda vegna hlutarmissis á sildarvertið.

Um 12. Þessum lið er mótmælt sem allt of háum og ósönnuðum. Upphæðin, kr. 2399.70, er kaup í tvo mánuði og 5 daga frá 18. september, er sildarvertið lauk, til 23. nóvember, er stefnandi hóf vinnu. Útreikningi kaupsins hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, en hins vegar er á það bent af hálfu stefndu, að ólíklegt sé, að stefnandi hefði haft avinnu allan þenna tíma, þar sem stefnandi er sjómaður, en á þessum tíma er oft hlé á atvinnu sjómanna.

Stefnandi var 53 ára gamall um þetta leyti. Hann er talinn mjög duglegur starfsmaður. Þykir með hliðsjón af því mega telja, að stefnandi hafi beðið tjón vegna atvinnumissis þenna tíma, en með tilliti til þess, að reikna má til frádráttar framfærslukostnað stefnanda sama tíma, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 1600.00.

Um 13. og 14., bætur fyrir sársauka og óþægindi, kr. 5000.00, og bætur fyrir varanleg mein og minnkaða orku, kr. 10000.00.

Sjálfsagt þykir, að stefnandi fái bætur fyrir sársauka og óþægindi og einnig fyrir varanleg mein og minnkaða orku, samanber það, sem segir í læknisvottorði 29. des. 1945 og álitu tryggingaryfirlæknisins. Enda þótt stefnandi hafi ekki beðið tjón vegna vinnumissis eftir 23. nóv. 1944, þykir ekki ólíklegt, að starfskraftar hans muni endast ver vegna meiðslisins. Með hliðsjón af þessu og aldri stefnanda þykja bætur samkvæmt báðum þessum liðum hæfilega metnar kr. 8000.00. Niðurstaða málsins verður því sú, að tjón stefnanda verður talið kr. 3311.50, kr. 7693.06, kr. 1600.00 og kr. 8000.00, eða alls kr. 20604.56. Verða stefndu Stefán Snæbjörnsson og Kristján P. Guðmundsson dæmdir til að greiða upphæð þessa in solidum ásamt 5% ársvöxtum frá 2. febrúar 1946 til greiðsludags og máls-

kostnað kr. 2600.00. Málskostnaður stefnda Guðmundar Jörundssonar, sem sýknaður verður, þykir mega falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dvi dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Jörundsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndu Stefán Snæbjörnsson og Kristján P. Guðmundsson greiði in solidum stefnanda, Vigfúsi Vigfússyni, kr. 20604.56 auk 5% ársvaxta frá 2. febrúar 1946 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1947.

Nr. 84/1946. Sveinn Frímansson

og

Egill Sigurðsson (Hrl. Ragnar Jónsson)

gegn

Ármanni Jakobssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdóminn samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að leita, svo fremi annar hvor aðilja óskar þess, skýrslna um það, hvaða einstaklingar stóðu að gerð kjarasamnings þess frá 1. júlí 1945, sem um ræðir í máli þessu. Skal og leita vitneskju þeirra um það, hvaða skilning þeir hafi lagt í orðið „uppgerðardag“ í 9. gr. samningsins og hvort samkomulag hafi verið um ákveðinn skilning á því orði.

Ályktarorð:

Héraðsdómur skal veita aðiljum kost á öflun framan- greindra gagna.